

Umhverfismat



Gátlisti fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla

Listinn er til að auðvelda skólum að framkvæma umhverfismat fyrir þemað vatn í upphafi nýs Grænfánatímabils.

Miðað er við að krakkar á aldrinum 4-9 ára framkvæmi matið með aðstoð kennara, sem les fyrir þá spurninguna og leiðbeinir þeim í gegnum matið. Við hverja spurningu skal merkja við þann lit sem við á.

Listanum er skipt í þrennt:

Hugur (þekking) - Hjarta (skólinn og samfélagið) - Hendur (aðgerðir).



Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en þær sem standa á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan þemans. Það ætti að auðvelda honum að sjá hvort hann þurfi að taka sig á innan þemans og setja sér markmið í samræmi við það.

Merkingar:

Nemendur geta fundið svarið sjálfir án mikillar aðstoðar




Nemendur gætu þurft aðstoð við að svara spurningunni



Nemendur þurfa að mæla eða rannsaka hlutinn til að svara spurningunni



Matskvarðar:



Ekki til staðar í skólastarfinu



Að hluta til eða í gangi í skólastarfinu



Nú þegar gert í skólastarfinu

Vatn





Hugur þekking



Vitið þið hvað vatn er mikilvægt fyrir fólk? 			
Vitið þið hvað vatn er mikilvægt fyrir dýr? 			
Vitið þið hvað vatn er mikilvægt fyrir gróður? 			
Þekkið þið muninn á saltvatni (sjó) og ferskvatni? 			
Vitið þið hvaða vatn má drekka og hvað ekki? (t.d. vatn úr pollum með olíubrúk, krana, rigningarvatn í hreinu íláti)? 			
Vitið þið hverju má og má ekki skola í vaskinn eða klósett? 			
Þekkið þið ólík form vatns? 			






Lærið þið um lífverur sem búa í ferskvatni?				
Lærið þið um lífverur sem búa í hafinu?				












Hjarta skólinn og samfélagið



Skrúfið þið fyrir krana þegar þið eruð búin að fá nægt vatn?				
Notið þið mikið vatn á hverjum degi? (salerni, hreinlæti, drykkjarvatn, matargerð)?				
Getið þið valið um lítinn takka eða stóran takka þegar þið sturtið úr klósettinu? Af hverju er stundum í boði að sturta mikið/lítið niður?				









Er hitastillir á ofnum svo   hægt sé að stjórna hitanum í hverju rými?			
Er hiti á ofnum lækkaður   í fríum?			
Sparar skólinn heita   vatnið með því að birgja ekki ofna með húsgögnum og gluggatjöldum?			
Vitið þið hvaðan vatnið  kemur sem skólinn notar og hvert það fer?			
Notar skólinn efni sem   getur mengað vatn eins og sum hreinsiefni eða skordýra- og illgresis eyðir?			



Hendur aðgerðir



Er unnið með heimsmarkmiðin í skólanum í tengslum við vatn? 			
Er regnvatni safnað á skólalóðinni svo þið getið leikið ykkur með það eða vökvað blómin/trén? 			
Hafið þið gert tilraunir með vatn? T.d. skoðað ólík form s.s. bræða snjó, klaka, frysta vatn, sjóða vatn o.fl. 			
Eruð þið að tína rusl sem er í náttúrunni svo það getur ekki mengað vatn? 			
Eruð þið að skoða vatn sem er í nágrenni við skólann, t.d. lækur, á, vatn, votlendi, sjór? 			
Eru þið að gera tilraunir með ólík form vatns? (vökvi, klaki, gufa) 			

Hvað getur skólinn gert í tengslum við vatn? Hvað dettur ykkur í hug?

A large, empty rectangular box with a thin black border, intended for students to write their answers to the question above. The box occupies most of the page below the text.